

SJÚKRALIÐINN

1. TÖLUBLAÐ 36. ÁRGANGUR MARS 2022

Orlofsblað
2022



Framkvæmdastjórn

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFI):

Sandra B. Franks, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri.
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Heimasíða félagsins er www.slfi.is. Skrifstofan opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 16:00 en ekki er svarað í síma á milli 12:30 og 13:00. Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofufjónustu, upplýsingamiðlun tulkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan heldur utan um sjóði félagsins og afgreiðir umsóknir félagsmanna. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsíbúðum og orlofshús-um félagsins.

Starfsfólk á skrifstofu

Sjúkraliðafélags Íslands

Sandra B. Franks, formaður, netfang: sandra@slfi.is
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: gunnar@slfi.is
Ragnhildur Bolladóttir, verkefnastjóri fræðslumála netfang: ragnhildur@slfi.is
Birna Ósk Björnsdóttir, skrifstofumaður, netfang: birnaob@slfi.is
Sigríður Ríkhardsdóttir, skrifstofumaður netfang: sigga@slfi.is

Sjúkraliðinn:

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 3.500 eintökum.

Ábyrgðarmaður:

Sandra B. Franks

Ritnefnd:

Bára Hjaltadóttir, netfang: fells1@mi.is
María Busk, netfang: mbusk@rang.is
Steinunn Svanborg Gísladóttir, netfang: steinunn@dvalaras.is
Varaformaður: Sigríður Guðmann Diðriksson, netfang: siggid@gmail.com

Umsjón:

Gunnar Örn Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:

Prentun.is - Hafnarfirði

Leigugjöld innanlands

Leigugjöld eru mismunandi eftir stærð og búnaði sumarhúsanna sem Sjúkraliðafélag Íslands leigir út til félagsmanna sinna í sumar. Húsin eru flokkuð sem stór hús og lítil hús.

Stór hús eru þessi:

Orlofshúsin Holtaland 7 og 9 á Akureyri.
Íbúðirnar Fellsmúla 16, Jaðarleiti 2 og við Hallgerðargötu í Reykjavík.
Varmahlíð, Úthlíð í Biskupstungum, Kiðjaberg I og II í Grímsnesi og raðhúsið í Stykkishólmi.

Litlu húsin eru þessi:

Sumarhúsin í Munaðarnesi hús nr. 65 og 67, Sumarhúsin í Bolungarvík og á Eiðum.

Vorleiga 2022:

Lítill hús 21.000 krónur en stór hús 25.000 krónur, frá 6. maí til 3. júní. Rétt er að taka fram að engin vorleiga er á eftirtöldum orlofsdvalarstað: í Bolungarvík.

Sumarleiga 2022:

Lítill hús 24.000 krónur en stór hús 28.000 krónur, frá 3. júní til 5. ágúst.

Haustleiga 2022:

Lítill hús 21.000 krónur en stór hús 25.000 krónur, frá 5. ágúst til 9. september.



Það er heilsueflandi að njóta íslenskrar náttúru!

Lykillinn að orlofssíðunni

Nota verður Íslykil eða Rafræn skilríki til að skrá sig inn á Orlofsvef Sjúkraliðafélags Íslands á heimasíðunni www.slfi.is. Hægt er að panta Íslykil eða Rafræn skilríki á síðunni.

Á blaðsíðu 4 eru nákvæmar leiðbeiningar um hvernig þú getur pantað orlofsdvöl í sumarhúsum og íbúðum félagsins á netinu, og upplýsingar um umsóknarfrest.



<http://www.orlof.is/slfi/>

Á DAGSKRÁ	2
- Leigugjöld innanlands	
- Lykillinn þinn að orlofssíðunni	
FORYSTUGREIN	3
- Sumarið er tíminn!	
SUMARORLOF 2022	4-7
- Gisting um allt land og erlendis	
- Rafrænar umsóknir	
- Umsóknarfrestur til 6. apríl	
- Mest aðsókn í júlí og ágúst	
- Ofnæmi	
- Mikilvægar dagsetningar	
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ	5-7
- Íbúð við Jaðarleiti	
- Þriggja herbergja íbúð við Fellsmúla	
- Íbúð við Hallgerðargötu	
VESTURLAND	8-10
- Tveir bústaðir í Munaðarnesi	
- Raðhús í Stykkishólmi	
- Vestfirðir, íbúð í Bolungarvík	
NORÐURLAND	11-12
- Sumarhús félagsins í Varmahlíð	
- Tvö orlofshús á Akureyri	
AUSTURLAND	13
- Bústaður á Eiðum	
SUÐURLAND	14-15
- Tveir bústaðir á Kiðjabergi	
- Sigurhæð í Biskupstungum	
SUMARORLOF 2022	14
- Útilegukortið - 36 tjaldsvæði	
SUMARORLOF 2022	16
- Afslættir til sjúkraliða	
- Íbúð í Kaupmannahöfn	
- Golf	
SUMARORLOF 2022	17
- Hótelgisting	
- Veðikortið 2022	
FLUG TIL ÚTLANDA	18
- Afslættir Icelandair	
GÖNGUFERÐIR	19-20
- Gönguferðir erlendis	
- Gönguferð innanlands	
SUMARORLOF 2022	21-23
- Gildandi reglur um orlofsrétt þinn	
- Reglur orlofsnefndar 2022	
- Orlofssjóður sjúkraliða	
AUGLÝSING	24
- Raðhús og íbúðir á Spáni	
FORSÍÐUMYNDIN	
- Botnsvatn við Húsavík	

Sumarið er tíminn!



Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir,
formaður orlofsheimila- og
ferðanefndar SLFI

Kæru félagar!

Við í orlofsheimila- og ferðanefnd Sjúkraliðfélags Íslands leggjum okkur alltaf fram um að gera okkar besta til að sumarorlof félagsmanna geti orðið gleðilegt, gefandi og skemmtilegt hjá sjúkraliðum og fjölskyldum þeirra.

Undanfarin ár hefur áherslan eðlilega verið á fjölbreytta möguleika innanlands og verður þannig áfram, en við aukum enn frekar orlofskostina fyrir utan landsteinana í þeirri góðu trú á samfélögin í kringum okkur séu að opnast enn frekar. Gönguferðir erlendis verða í boði á vegum félagsins, undir leiðsögn íslensks leiðsögumanns og með góðum stuðningi frá heimavönum leiðsögumönnum. Húsin og íbúðirnar á Spáni verða í boði í samstarfi við trausta aðila. Íbúðin í Kaupmannahöfn hefur verið vinsæl og var nánast allafullnýtt árið um kring. Opið er á umsóknir að íbúðinni allt árið til að auðvelda fólki að skipuleggja ferðir sínar með lengri fyrirvara og tengja dvölina við flug.

Á komandi orlofsári verður boðið upp á tvær gönguferðir á Spáni. Fyrri ferðin verður farin í maí og seinni í september. Um samstarf er að ræða við spænska ferðaskrifstofu sem skipuleggur gönguferðirnar og aðrar upptakur í samstarfi við félagið og undirritaða, þannig að allt sem í boði verður hentar okkar félagsmönnum mjög vel. Verði er mjög í hóf stillt og niðurgreiddir af orlofssjóði. Niðurgreiddir flugmiðar frá Icelandair og Air Iceland Connect verða í boði og eru góður kostur sem vert er að skoða. Miðarnir gilda á alla þá áfangastaði sem flugfélögin bjóða upp á. Einnig eru í boði niðurgreidd fargjöld innanlands með Örunum til Húsavíkur, Vestmannaeyja og Hornarfjarðar á alla áfangastaði.

Í ár verður boðið upp á mjög áhugaverða gönguferð innanlands, sem kynnt er hér á síðum blaðsins, en hún verður á Austurlandi í ágúst og gengið verður í Víkurnar, Stóruvö og gisti á Borgarfirði eystri. Undirrituð verður farastjóri þar eins og í ferðum félagsins s.l. ár.

Úthlutanir á orlofstímanum verða áfram með hefðbundnum hætti í gegnum orlofsvefinn Frímann. Áfram verður boðið upp á ferðaávisanir og einnig verða í boði fjölmargar gönguferðir með Ferðafélagi Íslands. Hin vinsælu kort, Veðikortið og Útilegukortið, verða áfram í boði á góðu verði, en einungis er hægt að fá eitt kort á félagsmann.

Búið er að endurnýja húsið að Eiðum frá grunni og þar er nú heitur pottur.

Áhersla hefur verið lögð á viðgerðir og viðhald á orlofseignum félagsins þannig að allir geti dvalið ánægðir og sáttir í eignum félagsins. Ákveðin sumarhús félagsins þurfa orðið töluverða uppflytingu, en orlofssjóður þarf að sníða sér stakk eftir vexti og hefur forgangsraðað endurnýjun orlofshúsanna í takt við fjármagn sjóðsins, en gætt er að því að húsin og innviðirnir séu í sem bestu standi.

Sjúkraliðar hafa í gegnum tíðina gengið mjög vel um eignir félagsins og verið ánægðir með þá orlofskosti sem í boði hafa verið og lagt sig fram um að skila vel af sér. Fyrir það er orlofsheimila- og ferðanefnd þakklát, því það gerir allt okkar starf miklu skemmtilegra.

Félagsmenn eru eins og áður hvattir til að ganga vel um eignirnar og skila þeim í því ástandi sem þeir sjálfir vildu koma að þeim og leggja þannig grunn að ánægjulegri dvöl hjá þeim sem á eftir kemur.

Kæru félagar, sumarið er tíminn til að njóta þess sem okkar dásamlega land býður upp á, bregða sér út fyrir landsteinana og eiga gleði stundir með okkar fólki og við það viljum við styðja eins og frekast er kostur.

Sjúkraliðar hafa í gegnum tíðina gengið mjög vel um eignir félagsins og verið ánægðir með þá orlofskosti sem í boði hafa verið og lagt sig fram um að skila vel af sér.

Orlofskostir innanlands og erlendis

Orlofsheimila- og ferðanefnd Sjúkraliðafélags Íslands býður í sumar upp á marga spennandi valkosti fyrir sjúkraliða sem vilja njóta sumarleyfisins í fallegu umhverfi.

- Fjórtán bústaði eða íbúðir á eftirtöldum tíu stöðum víðs vegar um landið: Munaðarnesi, Stykkishólmi, Bolungarvík, Varmahlíð, Akureyri, Eiðum, Biskupstungum, Kiðjobergi og Reykjavík.
- Íbúð í miðborg Kaupmannahafnar.
- Raðhús og íbúðir á Spáni.
- Gistimiði á fjölmörgum hótélum allt í kringum landið.
- Afsláttarmiða með Icelandair til Evrópu og Ameríku.
- Gönguferð á Spáni.
- Gönguferð sjúkraliða innanlands.

Orlofsblað Sjúkraliðans kynnir alla þessa góðu kosti en ekki síst sumarhúsin og íbúðirnar sem félagsmenn geta tekið á



Sumarleyfið er kjörinn tími til að njóta fagurs umhverfis.

leigu í sumar, ásamt upplýsingum um verð og skilátíma umsóknar um orlofs- dvöl. Auk þess er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um úthlutun gistidvalar og um orlofsréttinn.

Sjúkraliðar sækja rafrænt um dvöl í sumarhúsum félagsins samanber leiðbeiningar sem birtar eru hér á síðunni. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi miðvikudaginn 6. apríl 2022. Úthlutun fer fram í tölvu með hefðbundnum hætti 7. apríl og öllum umsóknum verður svarað með tölvupósti.

Greiðslum fyrir húsin og frágangi leigusamninga þarf að vera lokið í síðasta lagi 12. apríl til klukkan 16.00, að öðrum kosti fellur úthlutun niður. Þeir sem ekki fá úthlutað eiga einir möguleika á að bóka sig á það sem út af stendur eftir úthlutun og einnig á það sem hugsanlega verður skilað inn, til 20. apríl. Þann 22. apríl verður orlofsvefurinn opinn öllum félagsmönnum til bókanar á það sem er laust samkvæmt reglunni fyrstur kemur fyrstur fær.

Rafrænar umsóknir

Sjúkraliðar geta gengið frá umsókn um leigu á bústöðum og íbúðum Sjúkraliðafélagsins á heimasíðu SLFÍ, www.slfí.is

Hér á eftir fara leiðbeiningar um hvernig þú átt að panta orlofsdvöl á netinu:

1. Veljið tengilinn ORLOFSVEFURINN hægra megin á slfí.is
2. Veljið SUMAR 2022 í valmyndinni.
3. Skráið kennitölu, smellið á INNSKRÁNING og skráið þar Íslykil eða notið rafræn skilríki.
4. Þá birtast upplýsingar úr gagnagrunni sem þú getur breytt eða bætt við ef þarf. Niðurstöður úthlutunar verða sendar á það netfang sem þú skráir og því afar áriðandi að það sé rétt skráð.

5. Veljið eign og tímabil úr fellilista. Hægt er að setja inn allt að 10 valmöguleika, en ekki er nauðsynlegt að nota þá alla. Sem fyrsta val er sett það sem helst er óskað eftir, síðan annað val ef það fyrsta myndi ekki ganga eftir o.s.frv. Bent er á að því fleiri kostir sem valdir eru þeim mun meiri möguleikar eru á úthlutun. Þegar valkostirnir hafa verið settir inn er smelt á SENDA.
6. Að úthlutun lokinni eru niðurstöður sendar með tölvupósti til allra umsækjenda sem senda inn rafrænar umsóknir.
7. Við hvetjum sem flesta til að sækja um rafrænt, en þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta hringt á skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð við skráningu. Sími 553-9493.

Umsóknarfrestur er til 6. apríl.

Umsóknar- frestur til miðnættis miðvikudaginn 6. apríl

Opnað verður fyrir umsóknir um orlofsdvöl þriðjudaginn 29. mars 2022 kl. 13.00. Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu félagsins fyrir miðnætti miðvikudaginn 6. apríl 2022. Úthlutun fer fram 7. apríl kl. 16.00.

Greiðslum fyrir húsin og frágangi leigusamninga þarf að vera lokið fyrir klukkan 16:00 þriðjudaginn 12. apríl. Ef ekki er gengið frá greiðslu og samningi fyrir þann tíma fellur úthlutun sjálfkrafa niður. Frá og með 13. apríl eiga þeir sem ekki fá úthlutað einir möguleika á að bóka sig á það sem út af stendur eftir úthlutun og einnig á það sem hugsanlega verður skilað inn, til 20. apríl.

Þann 22. apríl klukkan 13.00 verður orlofsvefurinn opinn öllum félagsmönnum til bókanar á það sem er laust samkvæmt reglunni fyrstur kemur fær.

Í júlí og ágúst

Miðað við fyrri reynslu eru margfalt fleiri umsóknir um leigu á sumarhúsum í júlí og ágúst en hægt er að anna.

Því skal félagsmönnum bent á að mun meiri líkur eru á úthlutun ef sótt er um sumarhús eða íbúð fyrri eða seinni hluta sumarsins.

Ofnæmi!

Margir hafa alvarlegt ofnæmi fyrir hárum dýra sem geta valdið útbrotum og/eda andþrengslum.

Félagsmenn eru því vinsamlegast beðnir að gæta þess, komi hundur eða önnur gæludýr í heimsókn á svæðið, að láta þau ekki leggjast í stóla eða önnur húsgögn. Örlítil óaðgæsla gæti eyðilagt dvöl næsta leigjanda, barna hans eða gesta. Skilum alltaf af okkur húsunum eins og við hefðum sjálf viljað taka við þeim.

Íbúð við Fellsmúla 16

Í höfuðborginni gefst sjúkraliðum kostur á sumargistingu í þrígga herbergja íbúð að Fellsmúla 16 í Reykjavík. Íbúðin er í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins við Grensásveg. Svefnaðstaða er fyrir sex til átta manns, þar af fyrir tvo á dýnum, auk barnarúms.

Íbúðin, sem er á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi, hefur verið lagfærð verulega og er í góðu ástandi. Gólfefni og húsgögn voru endurnýjuð.

Íbúðin er búin öllum helstu þægindum, svo sem sjónvarpi og þar er góð nettenging. Aðgangur er í kjallara að vel útbúnu þvottahúsi.


Fellsmúlinn er staðsettur í miðborg Reykjavíkur og þaðan er auðvelt að komast á alla helstu staði borgarinnar. Örstutt er frá íbúðinni niður á strætisvagnastöðina við Grensásveg, eina helstu skiptistöð vagnanna.

Stutt er að fara í Laugardalinn, en þar er boðið upp á fjölmargt fyrir alla fjölskylduna, svo sem Húsdýra- og fjölskyldugarðinn vinsæla, Grasagarðinn, sýningahöll, sundlaug, íþróttasvæði og skautahöll.

Einnig er stutt að fara í verslanir. Tvær miðstöðvar verslunar og viðskipta, Skeifan og Kringlan, með öllum sínum verslunum og veitingastöðum, eru í göngufæri frá íbúðinni.



Eldhúsið í íbúð sjúkraliða við Fellsmúla í Reykjavík.



Stór íbúð í Reykjavík

Stærð í fermetrum:	86
Svefnpláss:	6
Sængur/koddar:	8
Sængurföt fylgja:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Já
Barnarúm:	Já
Barnastóll:	Já
Sturta:	Já
Eldavél:	Já
Bakaraofn:	Já
Uppþvottavél:	Já

Borðbúnaður:	12
Örbylgjuofn:	Já
Hreinlætisvörur:	Já
Þvottavél/þurrkari:	Já
Útvarp m/geislaspylara:	Já
Sjónvarp:	Já
ADSL tenging:	Já
Gasgrill:	Já
Heitur pottur:	Nei
Sumarverð:	28.000

Glæsileg íbúð við Hallgerðargötu

Sjúkraliðafélag keypti nýja þriggja herbergja íbúð við Hallgerðargötu 3 í Reykjavík og verður hún til útleigu fyrir félagsmenn. Íbúðin, númer 301, er á þriðju hæð nýbyggingar sem heitir Stuðlaborg.

Stuðlaborg er 77 íbúða bygging, sem samanstendur af 5 stigahúsum með lyftum. Lóð byggingarinnar er hækkuð um hálfa hæð frá götu eins og íbúðir á 1. hæð, en stallast niður inn að miðju.

Stórkostlegt útsýni er til norðvesturs yfir sundin blá, en einnig til suðausturs yfir græna og gróna byggð og útivistarsvæði Laugardalsins. Garður er skjólsæll, enda afmarkaður á þrjá vegu af byggingunni sjálfri og opinn til suðausturs. Garðurinn er að mestu hellulagður eða með steypu/malbikuðu yfirborði með snjóbræðslu. Gróðurker, tré og bekkir gera garðinn aðlaðandi og vistlegan. Þá er einnig leiksvæði fyrir börn með mjúku yfirborði. Lýsing er á gönguleiðum í garði sem stýrist af birtu- stigi, en þess er gætt að hún trufli ekki íbúa á jarðhæð byggingarinnar.

Útivistargildi svæðisins er ótvírætt með góðu aðgengi að strandlengjunni og Laugar- dal. Hallgerðargatan er í grennd við gömul og rótgróin hverf í Teigunum og Lækjunum. Stutt er í alla verslun og þjónustu, má þar t.d. nefna Laugardalslaug, Skautahöllina, Grasa- garðinn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Safn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga og Sólheimabókasafn.



Íbúðin er á þriðju hæð í þessari nýju og glæsilegu byggingu.



Séð inn í svefnherbergið.



Badherbergi nýju íbúðarinnar.

Stór íbúð við Hallgerðargötu

Stærð í fermetrum:	93
Svefnpláss:	6
Sængur/koddar:	Já
Sængurföt fylgja:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu	Já
Bílastæði í kjallara	Já
Gasgrill:	Já
Barnastóll:	Já
Barnarúm	Já
Sturta	Já
Eldavél	Já

Bakaraofn:	Já
Uppþvottavél	Já
Þvottavél	Já
Þurrkari	Já
Borðbúnaður	10
Örbylgjuofn	Já
Hreinlætisvörur	Já
Útvarp	Já
Sjónvarp	Já
ADSL tenging	Já
Sumarverð:	28.000 kr.



Björt og falleg íbúð við Jaðarleiti

Orlofssjóður Sjúkraliðfélagsins býður upp á íbúð að Jaðarleiti 2 í Reykjavík. Íbúðin er á 3ju hæð, um 100 fermetrar að stærð og með sérmerktu bílastæði í bílarkjallara og með mjög gott aðgengi, einnig fyrir fatlaða.

Íbúðin er í lyftuhúsnæði með rúmlega 7 fermetra svölum sem snúa í vestur og suður og er mjög gott útsýni úr henni.

Innréttingar eru allar ljósar, hiti er í parketlögðum gólfum, en það flísalagt og gert er ráð fyrir að 6 geti gisti í íbúðinni.

Stutt að fara


Jaðarleiti er nýtt íbúðahverfi í næsta nágrenni við útvarpshúsið. Það er því mjög miðsvæðið í Reykjavík og þaðan er til dæmis göngufæri í verslunarmiðstöðina í Kringlunni, en einnig er stutt að fara niður í Þingholtin og miðbæinn.



Íbúðin er á þriðju hæð í þessu húsi við Jaðarleiti.



Séð inn í íbúðina við Jaðarleiti.



Íbúð í Jaðarleiti

Stærð í fermetrum	100	Borðbúnaður	10
Svefnpláss	6	Örbylgjuofn	Já
Sængur/koddar	6-7	Hreinlætisvörur	Já
Sængurföt fylgja	Nei	Þvottavél/þurrkari	Já
Sængurföt gegn greiðslu	Já	Útvarp	Já
Barnarúm	Já	Sjónvarp	Já
Barnastóll	Já	ADSL tenging	Já
Sturta	Já	Gasgrill	Já
Eldavél	Já	Heitur pottur	Nei
Bakaröfn	Já	Sumarverð:	28.000
Uppþvottavél	Já		

Mikilvægar dagsetningar 2022

29. mars	Opnað fyrir umsóknir kl. 13.00	22. apríl	Opnað fyrir alla kl. 13.00. Fyrstur bókar, fyrstur fær
6. apríl	Umsóknarfresti lýkur á miðnætti	6. maí	Vorleigutímabil hefst
7. apríl	Rafræn úthlutun kl. 16.00	3. júní	Sumarleigutímabil hefst
12. apríl	Greiðslufrestur til kl. 16.00	5. ágúst	Haustleigutímabil hefst
13. apríl	Hægt að bóka það sem út af stendur	9. sept.	Haustleigu lýkur

Tvö sumarhús í Munaðarnesi

Sjúkraliðar geta í sumar gisti í sumarhúsi númer 65 og 67 í orlofsbyggðinni að Munaðarnesi í Borgarfirði, en gerðar hafa verið endurbætur á bústöðunum. Meðal þæginda á staðnum er heitur pottur.

Sumarhúsin eru um 52 fermetrar að stærð. Þar er anddyri, stofa, borðstofa, eldhús, þrjú svefnherbergi í húsi nr. 67 og baðherbergi. Stór verönd með heitum potti er við húsin. Svefnpláss er fyrir fjóra til sjö, það er fyrir tvo í hjónaherbergi, þrjá í svefnherbergi og tvo í koju í barnaherbergi, en það eru tvö svefnherbergi í húsi 65. Í húsunum eru tvær aukadýnur, sængur og koddar fyrir sex manns, allur almennur borðbúnaður, stór ísskápur, eldavél með ofni, uppþvottavél, sjónvarp, útvarp og gasgrill. Í baðherberginu er vaskur, salerni og sturta.

Rúm, húsgögn, eldavél og ísskápur voru endurnýjuð góð sjónvarpstæki og uppþvottavél. Pallar við húsin eru stórir og góðir.

Fagurt hérað

BSRB hefur rekið orlofsdvalarstað fyrir félagsmenn aðildarfélaganna að Munaðarnesi og í Stóru Skógum um langt árabil. Í landi Stóru Skóga, sem er skammt frá Munaðarnesi, vestan við þjóðveginn, er Hólmavatn, sem er að hluta til í eigu jarðarinnar. Upplagt er að ganga þangað í góðviðri og renna fyrir silung. Auk veiði í Hólmavatni er víðar aðgangur að silungsvötnum í nágrenninu, til dæmis er skammt í Langavatn og Hreðavatn.



Sumarhúsin í Munaðarnesi.

Ferð að Hreðavatni er einnig fyrirhafnarinnar virði þótt ekki sé ætlunin að fara þangað til veiða. Í hæðunum vestur af Hreðavatni er að finna gömul setlög með jurtaleifum er segja sögu um allt annað veðurfar og gróðurfar en nú finnst hérlandis. Við innri enda vatnsins er mikil þjóðargærsemi í eigu Skóg-ræktar ríkisins. Þar ríkir mikil fegurð og friðsæld þótt skammt sé frá skarkala þjóðveganna. Það er því vel þess virði að nesta sig og njóta heilbrigðrar útiveru í skjólsælum skógarlundi við Hreðavatn eina dagsstund.

Í þessu fagra héraði eru óþrjótandi möguleikar til að njóta náttúru landsins,




Séð inn í stofuna.

hvort heldur er með því að ganga í næsta nágrenni eða aka í bíl um dali Borgarfjarðar og Mýrasýslu eða jafnvel alla leið vestur á Snæfellsnes. Göngu-ferð á bökkum Norðurár er líka einstakur gleðigjafi því þar er margt sem gleður augað, svo sem flúðir og fossar árinna. Laxfoss og Glanni eru sannkallað augnakonfekt fyrir þá sem kunna að meta náttúruna og sama á við um Paradísarlaut. Allir þessir staðir eru í göngufæri við sumarhúsin.

Sundlaugar, hestaleigur og golfvöllir eru víða að finna í héraðinu.

Stór hús í Munaðarnesi

Stærð í fermetrum:	54	Borðbúnaður:	12
Svefnpláss:	4/7	Örbylgjuofn:	Já
Sængur/koddar:	8	Hreinlætisvörur:	Já
Sængurföt fylgja:	Nei	Þvottavél/þurrkari:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei	Útvarp m/geislaspilara:	Já
Barnarúm:	Já	Sjónvarp:	Já
Barnastóll:	Já	ADSL tenging:	Já
Sturta:	Já	Gasgrill:	Já
Eldavél:	Já	Heitur pottur:	Já
Bakaraofn:	Já	Sumarverð:	24.000
Uppþvottavél:	Já		



Raðhús í Stykkishólmi

Sjúkraliðum gefst í sumar kostur á að gista í íbúð í raðhúsi við Laufásveg 43 í Stykkishólmi. Íbúðin er til leigu frá 6. maí til 26. september 2022.

Um er að ræða uppgerðar íbúð á besta stað í Stykkishólmi, en raðhúsið var byggt árið 2005. Á neðri hæðinni er hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi, svefnherbergi með tvíbreiðu rúmi og baðherbergi með sturtu. Á efri hæð er stofa/borðstofa og eldhús í samfelldu rými svo og svefnherbergi með 1 ½ rúmi samtals svefnpláss fyrir 5-6. Sængur og koddar eru fyrir 6 manns. Auk þess er í íbúðinni barnarúm og barnastóll. Ekki er séð fyrir sængurverum, handklæðum, tuskum og viskastykkjum. Í eldhúsinu er allur almennur borðbúnaður fyrir 6, eldavél með bakarofni, örbylgjuofn og uppþvottavél ásamt öðrum daglegum eldhúsáhöldum. Í stofu er sófi og tveir stofustólar, borðstofusett með 5 stólum og sjónvarp. Út frá efri hæð eru svalir með svalahúsgögnum. Í íbúðinni eru hreinlætis-áhöld og hreinsiefni.



Pannig lítur raðhúsið í Stykkishólmi út að innanverðu.



Afþreying og þjónusta

Þráðlaust netsamband er á tjaldsvæði Stykkishólms, í miðbænum og við íþróttamiðstöðina. Körfuboltavöllur, rólurvöllur, sparkvöllur, sundlaug með rennibrautum fyrir börn og fullorðna og frjálfsíþróttavöllur er á íþróttasvæði í nágrenni hússins. Stutt er í Bónus, bakarí, myndbandaleigu og veitingastaði en Narfeyrarstofa er orðin landsfræg fyrir góðan mat og þjónustu. Veiðileyfi fást í Bauluvallavatni og í Hraunfirði, og góður golfvöllur er í næsta nágrenni þar sem dvalargestir geta spilað frítt.

Mikið kapp hefur verið lagt á að varðveita gömul hús bæjarins og setja gömul hús því sterkan svip á miðbæinn og í því elsta, Norska

húsinu, er Byggðasafn Snæfellinga. Þar eru seldir minjagripir og handverksmunir og oft eru sérstakar sýningar á vegum safnsins eða listamanna. Fjöldmargt handverksfólk er í Stykkishólmi og handverksmarkaður er opinn á sumrin.

Boðið er upp á siglingu milli eyja með fjölbreyttu fuglalífi og bragðað á nýveiddu sjávarfangi. Þá er daglega hægt að fara með ferjunni Baldri yfir á Barðaströnd með viðkomu í Flatey. Frá Stykkishólmi er líka farið í sívinsælar hvalaskoðunarferðir.

Margt að sjá á Snæfellsnesi

Stutt er að aka yfir í Búðardal um sögu-slóðir Laxdælu. Margir skreppa í gönguferð


upp á Helgafell, en ganga upp á fellið helga getur valdið þáttaskilum í lífi fólks samkvæmt gamalli þjóðtrú, ef almættið verður við óskum gönguhrólfanna. Hringferð um Snæfellsnes í góðu veðri er öllum ógleymanleg, því óvída á landinu er meiri náttúrufegurð. Meðal fjölmargra náttúruundra á leiðinni má nefna Dritvík, Djúpálón, Hólahóla, Arnarstapa, Hellna og Búðir. Ekki er síður ástæða til að staldra við á Grundarfirði, í Ólafsvík, á Rífi og Hellissandi.

Frá Arnarstapa er boðið upp á snjó-sleðaferðir á Snæfellsjökul, en í Ólafsvík er fiskasafn.

Stórt hús í Stykkishólmi

Stærð í fermetrum:	73/74
Svefnpláss:	5/6
Sængur/koddar:	6
Sængurföt fylgja:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei
Barnarúm:	Já
Barnastóll:	Já
Sturta:	Já
Eldavél:	Já
Bakarofn:	Já
Uppþvottavél:	Já

Borðbúnaður:	6
Örbylgjuofn:	Já
Hreinlætisvörur:	Já
Þvottavél/purrkari:	Nei
Útvarp m/geislaspylara:	Já
Sjónvarp:	Já
ADSL tenging:	Nei
Gasgrill:	Já
Heitur pottur:	Nei
Sumarverð:	28.000



Parhús í Bolungarvík

Sjúkraliðafélag Íslands býður félagsmönnum lítið parhús við Hafnargötu 101 í Bolungarvík til orlofsdvalar í sumar, frá 10. júní til 19. ágúst. Orlofshúsið er um það bil 50 fermetra jarðhæð með þvottahúsi í kjallara. Á hæðinni eru stofa, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum, auk tveggja lausra dýna.

Í húsinu eru sængurföt fyrir sex, án sængurvera. Það er búið húsgögnum í stofu og borðkrók fyrir fjóra, borðbúnaði fyrir tíu manns, útvarpi, sjónvarpi, DVD spilara, barnarúmi, barnastól og öðrum lausamunum sem eðlilegt er að fylgi til venjulegs heimilishalds. Í kjallara er þvottavél og örbylgjuofn, en fyrir utan húsið afgirtur sól-pallur.

Margt til afþreyingar

Bolungarvík er dæmigert sjávarpláss með um 900 íbúa og er nyrsta byggð Vestfjarða. Upp með vikinni liggja tveir grösugir dalir, Syðridalur og Tungudalur. Syðridalsvatn er í Syðridal og er þar nokkur veiði.

Þjónustustig telst hátt í Bolungarvík. Þar er heilsugæslustöð með lækni og lyfsölu. Ennfremur sjúkrahús með öldrunardeild og þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Verslanir eru af ýmsum toga og margskonar þjónustufyrirtæki. Sýslumaður er á staðnum og hefur aðsetur í ráðhúsi bæjarins. Þar er einnig til húsa bæjarskrifstofur og sparisjóður.

Ýmislegt er hægt að gera til afþreyingar á staðnum




Parhúsið við Hafnargötu 101 í Bolungarvík.

Mörgum finnst gaman að dorga á bryggjunni. Hægt er að taka hressandi sundsprett og slappa af í heitum potti í íþróttamiðstöðinni, en þar er gufubað, líkamsrækt, frábær sólbaðsaðstaða á útisvæði og sundlaugargarður með rennibraut. Á flötinni við tónlistarskólann eru minigolfbrautir þar sem hægt er að æfa þúttið. Þar

er einnig leikvöllur fyrir yngstu börnin. Við grunnskólann er gervigrasvöllur og körfuboltavöllur. Í Syðridal er frábær 9 holu golfvöllur með tvöföldu teigasetti og hann því viðurkenndur sem 18 holu golfvöllur. Völlurinn er einn fárra sandvalla á landinu og þykir umgjörð hans og vallarstæði einkar heillandi.

Lítið hús í Bolungarvík

Stærð í fermetrum:	50	Borðbúnaður:	10
Svefnpláss:	6/8	Örbylgjuofn:	Já
Sængur/koddar:	6	Hreinlætisvörur:	Nei
Sængurföt fylgja:	Nei	Þvottavél/purrkari:	Já
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei	Útvarp m/geislaspilara:	Já
Barnarúm:	Já	Sjónvarp:	Já
Barnastóll:	Já	ADSL tenging:	Nei
Sturta:	Já	Gasgrill:	Já
Eldavél:	Já	Heitur pottur:	Nei
Bakaraofn:	Já	Sumarverð:	24.000
Uppþvottavél:	Nei		



Orlofshús í Varmahlíð


Sumarhús Sjúkraliðafélags Íslands við Reykjarhólsveg 18B í Varmahlíð er í nýlegri sumarhúsabygð sem er skammt ofan við þorpið, gert úr timburbjálkum á einni hæð. Timburpallur er sunnan og vestan við hús- ið og setlaug á pallinum. Í húsinu eru þrjú herbergi og stofa, anddyri og baðherbergi með sturtuklefa. Í stofu er eldhúskrókur að sunnanverðu með viðarinnréttingu.

Lagfæringar hafa verið gerðar á húsinu. Heitipottinn og sturtan voru endurnýjuð. Leiktæki eru á lóðinni.

Orlofshúsaðferfið eru suðvestan í Reykjarhólum, ofan við Varmahlíð, í skjólsælu og vel grónu umhverfi. Ekið er upp í Varmahlíð beygt til suðurs við sundlaugina, ekið framhjá menningarhúsinu Miðgarði, beygt til hægri sunnan hússins og ekið upp í brekkuna vestan skógræktarinnar. Orlofshúsin eru í um 10-15 mínútna göngu frá Miðgarði.

Vinsæll áningarstaður

Varmahlíð er mjög vinsæll áningarstaður þeirra sem ferðast um þjóðveginn og dregur nafn sitt af því að þar er gnægð af heitu vatni sem sprettur sjálfkrafa upp úr jörðinni. Heita vatnið er nýtt til upphitunar húsa í Varmahlíð og sveitinni í kring svo og í sundlauginni. Á Reykjarhólum hefur um árabil verið stunduð skógrækt af Skógrækt ríkisins og einnig Skógræktarfélagi Skagfirðinga. Skógræktin hefur nú verið gerð aðgengileg fyrir gesti og gangandi og er þar víða að finna skemmtileg rjóður þar sem hægt er að setjast niður og borða nestið sitt. Auk þess sem göngustígar liggja



Sumarbústaður Sjúkraliðafélags Íslands við Varmahlíð í Skagafirði.

í gegnum skóginn og upp á hólinn en þar er útsýnisskífa.

Í Varmahlíð er ýmis þjónusta fyrir hendi sem ferðamenn geta nýtt sér, svo sem upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, banki og hraðbanki, verslun, póstaðgreiðsla og sundlaug. Ýmis afþreying er í boði á staðnum, svo sem hestaleiga, veiði og raftsíglar.


Í Skagafirði er margt hægt að gera í fríinu. Vinsælt er að heimsækja söfn og sögustaði, fara í útreiðartúr eða sjá hestasýningar. Viða er hægt að renna fyrir fisk, fara í gönguferðir í fallegri náttúru og slaka svo á í sundlaug- um og heitum pottum á eftir. Fljótasíglar á jökulánum eða síglar út í Drangey er upplifun sem seint gleymist, sem og að spila golf í góðra vana hópi. Óvíska er sýninga- og safna- starf

með jafn miklum blóma og í Skagafirði, þar sem menningararfurinn er bæði ríkur og sögustaðir fjölmargir. Byggðasafn Skagfirðinga stendur fyrir sýningum, varð- veislu og rannsóknunum, en það hefur í meira en hálfa öld sýnt í Glaumbæ hvernig mannlíf var til forna í torfbæjum. Auk þessa eru fjölmargir aðrir staðir og sýningar sem áhuga- vert er að heimsækja, svo sem Vesturfarasetrið í Hofsi, Víðimýrarkirkja við Varmahlíð, Minjahúsið á Sauðárkróki, Samgöngumínja- safn Skagafjarðar og Hólar í Hjaltadal.

Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð er opin allt árið og veitir upplýsingar um ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra og víðar.

Stórt hús í Varmahlíð

Stærð í fermetrum:	60	Borðbúnaður:	10
Svefnpláss:	8/9	Örbylgjuofn:	Já
Sængur/koddar:	9	Hreinlætisvörur:	Nei
Sængurföt fylgja:	Nei	Þvottavél/þurrkari:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei	Útvarp m/geislaspylarar:	Já
Barnarúm:	Já	Sjónvarp:	Já
Barnastóll:	Já	ADSL tenging:	Nei
Sturta:	Já	Gasgrill:	Já
Eldavél:	Já	Heitur pottur:	Já (hitaveita)
Bakaraofn:	Já	Sumarverð:	28.000
Uppþvottavél:	Já		



Orlofshúsin á Akureyri

Sjúkraliðar geta sótt um orlofsdvöl í tveimur nýjlegum orlofshúsum við Holtaland 7 og 9 á Akureyri sem Sjúkraliðafélag Íslands festi kaup á. Húsin eru við rætur Hlíðarfjalls og búin öllum helstu þægindum. Leyft er að hafa hunda í húsi númer 7.

Húsin eru byggð upp á steypum sökkum og með steyptri gölfplötu. Veggir eru úr steinsteypu og léttri timburgrind. Veggir eru einangraðir og klæddir að utan, með báru- og timburklæðningu. Þök eru einhalla og dúkklaedd. Húsin eru hönnuð og staðsett með tilliti til útsýnis norður út fjörðinn, austur yfir í Vaðlaheiði eða suður inn Glerárdal. Verandir eru við bæði húsin. Á svæðinu í nær og fjær umhverfinu eru miklir og vaxandi útivistarmöguleikar s.s. skíðasvæði, hestaþróttasvæði, akstursþróttar- og skot-svæði auk fjölbreyttra gönguleiða. Skilgreind óbyggð svæði til útivistar liggja að svæðinu til suðurs, norðurs og vesturs. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli stendur um 300 metrum ofar í hlíð Hlíðarfjalls til vesturs.

Höfuðborg Norðurlands

Akureyri er höfuðborg Norðurlands og bæði þar og í næsta nágrenni geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi til skemmtunar og fróðleiks. Í bænum eru mörg veitinga- hús og verslanir, bæði stórar og smáar, ýmist við göngugötuna í miðbænum eða í stórverslunum.

Eyjaferðir eru rómaðar fyrir fegurð og einstaka veðurbliðu. Allt svæðið beggja vegna fjarðarinnar er gróðursælt og heillandi. Þar er hægt að fara í sund eða siglingar og spila golf. Sundlaug Akureyrar er með tvær laugar auk tveggja rennibrauta, busllaug, innilaug, fjóra heita potta, eimbað, gufubað, ljósalampa og



Hús sjúkraliða við rætur Hlíðarfjalls á Akureyri.

fjölskyldugarð. Glerárlaug er innilaug og á úti- svæði laugarinnar eru tveir heitir nuddpottar og vaðlaug auk útiklefa.

Gönguferðir um bæinn og næsta nágrenni hans, ekki síst um Lystigarðinn og Kjarnaskóg, svíkja engan. Göngugarpar og annað útivistarfólk kemst í skipulagðar gönguferðir um Eyjafjörð, nánast allt sumarið. Einnig er hægt að fá leiðsögn um innbæ Akureyrar. Gengið er frá kirkjutröppunum við Hótel KEA og inn í elsta hluta bæjarinnar að Minjasafninu eða rúm 1.5 km. Sagt er frá þróun bæjarinnar, markverðum stöðum og frásögnum.

Margt að skoða

Akureyri er gjarnan tengd menningu og listum og ekki að ástæðulausu. Leiklistarlíf er blómlegt og boðið upp á sýningar af ýmsu tagi. Þar má einnig finna fjöldann allan af leik- svæðum, leikvöllum og sparkvöllum. Margingóðir staðir eru til



Borðstofan og eldhúsið.

fuglaskoðunar á Akureyri og næsta nágrenni bæjarinnar og er búið að koma fyrir fuglaskoðunarhúsum á fjórum stöðum innan sveitarfélagsins. Þessi svæði eru Naustaborgir, Krossanesborgir, óshólmar Eyjafjarðarar og í Hrísey.

Frá Akureyri er tilvalið að fara í dagsferðir ekki aðeins um blómlegt Eyjafjarðarsvæðið heldur einnig inn í Svarfaðardal að vestanverðu og austur að Mývatni. Eins er hægt að sigla til nærliggjandi eyja. Ferjan til Hríseyjar leggur upp frá Árskögströnd, en fara þarf til Dalvíkur til að ná ferjunni til Grímseyjar.


Akureyri hentar mjög vel til hjólræða enda eru fjölmargir leiðir og stígar í boði.

Reiðhjólaleiga er í miðbæ Akureyrar. Tvær hestaleigir eru í nágrenni Akureyrar. Jólagarðurinn er sannkölluð töfraveröld jólaanna aðeins tíu mínútna akstur frá miðbæ Akureyrar, en þar er opið allt árið.

Stór hús á Akureyri

Stærð í fermetrum:	108
Svefnpláss:	8
Sængur/koddar:	8
Sængurföt fylgja:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Já
Barnarúm:	Já
Barnastóll:	Já
Sturta:	Já
Eldavél:	Já
Bakaraofn:	Já
Uppþvottavél:	Já

Borðbúnaður:	12
Örbylgjuofn:	Já
Hreinlætisvörur:	Já
Þvottavél/þurrkari:	Já
Útvarp m/geislaspylarar:	Já
Sjónvarp:	Já
ADSL tenging:	Já
Gasgrill:	Já
Heitur pottur:	Já
Sumarverð:	28.000



Endurnýjað orlofshús á Eiðum með potti

Sjúkraliðum gefst kostur á sumardvöl á Eiðum, en þar hafa opinberir starfsmenn mörg orlofshús. Bústaður sjúkraliða er númer 1.

Sumarhús félagsins á Eiðum er 54 fermetrar að stærð. Þar er anddyri, stofa, borðstofa, eldhús, bað og 3 svefnherbergi. Í húsinu eru 2 aukadýnur, stór ísskápur, suðuhella, uppþvottavél, borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns, sjónvarp, útvarp og kolagrill. Öll rúm í húsinu hafa verið endurnýjuð einnig borðstofusettið og sófi í stofu. Nýr og endur-bættur pallur er við húsið. Húsið hefur allt verið endurnýjað frá grunni, þ.s. skipt var um allt. Einnig var settur heitur rafmangspottur og smíðaður undir hann pallur og opnað út, þannig að betra aðgengi sé í pottinn.

Frá Eiðum, sem er fornfrægt skólasetur, mjög miðsvæðis á Austurlandi, eru 14 km að næsta þéttbýliskjarna, Egilsstöðum. Þar er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta. Golfvöllur er í Fellabæ.

Náttúruperlur og mannvirki

Héraðið er einn veðursælasti ferðamannastaður á landinu, enda býr svæðið yfir mörgum náttúruperlum sem eru þess virði að heimsækja. Nægir þar að nefna Atlavík, Hallormstaðaskóg, Skriðuklaustur og Lagarfljótið sem liðast eftir miðju Héraðinu. Margt er hægt að skoða í nánasta umhverfi og merktar gönguleiðir eru við Eiðavatn. Gestum er heimilt að veiða í vatninu og fylgir árabátur og veiðileyfi hverju húsi.

Frá Eiðum er stutt til allra átta á Austurlandi,



Eldhúsið í bústað sjúkraliða á Eiðum.

til dæmis um Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar eystri, eða yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar sem lumar í skjóli hárra fjalla á fögnum og sérstæðum byggingum frá síldarárum Norðmanna á Íslandi og Wathnefjölskyldunnar er setti svip sinn á bæjarlífið á fyrri tíð. Á Seyðisfirði hafa verið byggðir miklir snjóvarnagarðar í hlíðum Bjólfs. Þang- að út er auðvelt að aka yfir sumarmánuðina eftir merktum vegi sem lagður er af Þjóðveginum skammt fyrir neðan skíðaskála Seyðisfirðinga í Stafdal. Þegar út í Bjólf er komið blasir við frábært útsýni af bifreiðastæði með útsýnisskífu.

Snæfell í vestri og Dyrfjöll í austri eru útverðir byggðar á Fljótsdalshéraði. Hægt er að aka upp á hálendið til að skoða Dimmugljúfur og nýju stórvirkjunina við Kárahnjúka, eða niður á Reyðarfjörð þar sem risavaxið álver hefur tekið til starfa og eins til Stöðvarfjarðar þar sem hægt er að skoða langstærsta steinasafn á Íslandi.

Hestaleigur eru víða á Héraði, nýleg sundlaug með rennibraut er á Egilsstöðum og nú holu golfvöllur á Ekkjufelli.

Nánasta umhverfi bústaðarins býður upp á nær óendanlega möguleika á gönguferðum um skóga, holt og hæðir.

Lítið hús á Eiðum

Stærð í fermetrum:	54
Svefnpláss:	6/8
Sængur/koddar:	8
Sængurföt fylgja:	Nei
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei
Barnarúm:	Já
Barnastóll:	Já
Sturta:	Já
Eldavél:	Já
Bakaraofn:	Já
Uppþvottavél:	Já

Borðbúnaður:	8
Örbylgjuofn:	Já
Hreinlætisvörur:	Nei
Þvottavél/þurrkari:	Nei
Útvarp m/geislaspilara:	Já
Sjónvarp:	Já
ADSL tenging:	Nei
Gasgrill:	Já
Heitur pottur:	Já
Sumarverð:	24.000



Sigurhæð í Biskupstungum

Sigurhæð er sumarbústaður Sjúkraliðafélags Íslands í landi Úthlíðar í Biskupstungum, Árnassýslu, um 15 kílómetra fyrir austan menningar- og menntasetrið að Laugavatni. Gerðar hafa verið margvíslegar lagfæringar á bústaðnum, sem var hinn fyrsti í eigu félagsins. Gæludýr eru leyfð.

Bústaðurinn er heilsárshús og búinn eins og best verður á kosið. Herbergin eru þrjú. Í tveimur þeirra eru tvíbreið rúm og í öðru þeirra þar að auki 90 senti- metra breið kaja. Í þriðja herberginu eru tvær kojur.

Sængur og koddar eru fyrir sjö manns, en auk þessa fylgir barnarúm, barnastóll og tvær dýnur, en engin sængurver. Umhverfis húsið er 70 fermetra verönd með heitum potti og gufubaði.


Húsið stendur í kjarrvöxnu landslagi. Þaðan er gott útsýni yfir Biskupstungurnar. Á þessum vinsæla sumardvalarstað er þjónustumiðstöð, verslun, sundlaug, golfvöllur og hestaleiga. Enn fremur samkomusalur þar sem boðið er upp á veitingar. Þar eru idulega um helgar dansleikir við undirleik hljóðfæraleikara.

Viða í nágrenninu er hægt að komast í veiði, til dæmis í Brúará, og sömuleiðis í sund. Á svæðinu eru líka fjölmargar skemmtilegar lengri eða skemmri gönguleiðir. Um skamman veg er að fara að sögufrægustu og fallegustu stöðum Suðurlands, svo sem að Skálholti, Gullfossi og Geysi.

Á Flúðum er fjölbreytt þjónusta og gróðurhús. Á Laugavatni er íþróttasvæði, sundlaug og landspekkt gufubað. Við Hvítá er



Sigurhæð, sumarhús félagsins í landi Úthlíðar í Biskupstungum.



boðið upp á ofurhuga-siglingu um strengi og flúðir árinna, svokallað „rafting“ sem mörgum þykir áhugavert ævintýri.



Útilegukortið 2022.

Útilegukortið á 10.000 36 tjaldsvæði um allt land

Sjúkraliðum stendur til boða að kaupa Útilegukortið 2022 sem veitir aðgang að 36 tjaldsvæðum um allt Ísland fyrir handhafa þess, maka og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri í samtals 28 gistinætur. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28, en einungis má gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti.

Kort þetta gildir fyrir tjöld, fellihýsi, tjaldvagna, hjólhýsi og húsbíla á eftirtöldum stöðum hringinn í kringum landið, talið frá vestri til austurs:

Vesturland: Grundarfjörður, Traðir á Eyrarum, Varmaland.

Vestfirðir: Bolungarvík, Dranganes, Flókalundur, Tjaldsvæðið við Grettislaug á Reykhólum, Patreksfjörður.

Norðurland: Bakkafljörður, Dalvík, Lónsá, Möðrudalur – Fjalladýrð, Heiðarbær, Hvammstangi, Kópasker, Ólafsfjörður, Raufarhöfn, Sauðárkrúkur, Siglufjörður, Skagaströnd, Þórshöfn

Austurland: Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Norðfjörður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Stöðvarfjörður.

Suðurland: Álfaskeið, Hella Gaddstaðflatir, Grindavík, Kleifarmörk, Langbrók, Sandgerði, Skjól, Stokkseyri, Þorlákshöfn.

Almennt verð á kortinu er 19.900 krónur, en sjúkraliðar geta keypt það fyrir 10.000 krónur þar sem félagið greiðir verðið niður.

Markmiðið með stofnun Útilegukortsins er að gefa íslenskum og erlendum ferðamönnum kost á því að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt með gistingu á sérvöldum tjaldsvæðum um land allt.

Nánari upplýsingar á www.utilegu-kortid.is

Stórt hús í Biskupstungum

Stærð í fermetrum:.....	67	Borðbúnaður:	12
Svefnpláss:.....	7/9	Örbylgjuofn:	Já
Sængur/koddar:	7	Hreinlætisvörur:.....	Já
Sængurföt fylgja:.....	Nei	Þvottavél/þurrkari:.....	Já
Sængurföt gegn greiðslu:.....	Nei	Útvarp m/geislaspilara:.....	Já
Barnarúm:	Já	Sjónvarp:	Já
Barnastóll:.....	Já	ADSL tenging:	Nei
Sturta:.....	Já	Gasgrill:	Já
Eldavél:.....	Já	Heitur pottur:	Já
Bakaraofn:	Já	Sauna:	Já
Uppþvottavél:.....	Já	Sumarverð:.....	28.000

Tveir bústaðir á Kiðjabergi

Sjúkraliðafélag Íslands á tvö glæsilleg sumarhús í landi Meistarafélags húsasmiða að Kiðjabergi í Grímsnesi, en þangað er aðeins um 75 kílómetra leið frá höfuðborgarsvæðinu.

Í báðum tilvikum er um að ræða heilsárs hús sem eru um áttatíu fermetrar að stærð, með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og borðkrók. Svefnaðstaða er fyrir 8-10 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Sængur og koddar eru átta auk barnarúms. Umhverfi húsin eru um áttatíu fermetra verönd með heitum potti fyrir 4-6.

Margt til afþreyingar

Þessi glæsilegi gististaður er algjört kjör- lendi fyrir golfáhugamenn, útivistarfólk og áhugafólk um veiði. Golfvöllurinn að Kiðja- bergi hefur verið stækkaður í 18 holur og er hinn skemmtilegasti, þar geta dvalargestir spilað án endurgjalds. Við völlinn er líka sex holu „þar 3 völlur“ sem er mjög góður fyrir byrjendur og gott æfingarsvæði.

Hægt er að fá veiðileyfi í Hvítá fyrir landi Kiðjabergs gegn vægu gjaldi og fría silungs- veiði í Hestvatni sem er skammt frá bústöð- unum. Stutt er í sundlaug með heit- um pott- um og vatnsgufubaði, hestaleigu, minigolf og níu holu golfvöll að Hraunborg- um, en þangað eru aðeins um fjórir kílómetr- ar. Um landið liggja víða fallegar gönguleiðir með miklu viðsýni til jökla og hafs.

Kiðjaberg er vel staðsett á Suðurlandi.

Um 20 mínútna akstur er að Selfossi, þar



Bæði sumarhús félagsins á Kiðjabergi eru heilsárs hús og búnaður þeirra er sá sami.

Aðgengi fyrir fatlaða

Þær breytingar hafa verið gerðar á sumarhúsinu Kiðjabergi 2 að þar er aðgengi fyrir fatlaða.

sem margs konar þjónusta er í boði, og ör- skammt í verslun og bensín að Minni Borg. Afleggjar- inn frá Þjóðvegi að heimtröðinni að bústað- um er malbikaður.

Eins og flestum er kunnugt er fjölmargt að



Gólfín í húsunum á Kiðjabergi hafa verið endurnýjuð.

skoða á Suðurland, og má þar nefna Kerið í Grímsnesi, Gullfoss og Geysi, virkjanirnar í Soginu, Þjórsá, Þingvelli, Laugavatn og Skál- holt svo fátt eitt sé talið.


Hitaveita

Hitaveita hefur verið leiddi í bæði hús fé- lagsins á Kiðjabergi og nýir heitir pottar sett- ir upp á veröndinni. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var og mun einfaldara að nýta heitu pottana.

Þá hefur félagið látið endurnýja gólfín í bústöðunum.

Tvö stór hús á Kiðjabergi

Stærð í fermetrum:	70/81	Borðbúnaður:	12
Svefnpláss:	8/10	Örbylgjuofn:	Já
Sængur/koddar:	8	Hreinlætisvörur:	Já
Sængurföt fylgja:	Nei	Þvottavél/þurrkari:	Já
Sængurföt gegn greiðslu:	Nei	Útvarp m/geislaspylara:	Já
Barnarúm:	Já	Sjónvarp:	Já
Barnastóll:	Já	ADSL tenging:	Já
Sturta:	Já	Gasgrill:	Já
Eldavél:	Já	Heitur pottur:	Já
Bakaraofn:	Já	Sumarverð:	28.000
Uppþvottavél:	Já		





Sjúkraliðar geta með framvísun félagsskírteinis fengið afslætti. Sjá nánar á orlofssíðu félagsins.

Afslættir til sjúkraliða

Sjúkraliðum bjóðast afslættir af ýmsu tagi eins og nánar má lesa um á Orlofsvef Sjúkraliðafélags Íslands.

Á Orlofsvefnum er afsláttum skipt í nokkra flokka: Afþreying og frístundir. Bíllinn. Fatnaður. Gisting og veitingar. Gjafavara og blóm. Heilsan og útlitið. Heimilið.

Hérna segir frá sumum þessara afslátta.

Björböðin: 10% afsláttur í SPA, 15% afsláttur af mat á veitingastað

VÖK-Baths: 15% afslátt af öllum aðgangi í september 2021 til júní 2022 með því að nýta afsláttarkóðann FRIMANN og bóka á netinu.

Hvalir Íslands: Tveir fyrir einn.

Dansskóli Köru: 5% afslátt af einu námskeiði á hverri önn. Hægt er að nota kortið fyrir námskeið fyrir þör eða börn korthafa.

Salka Whale Watching: 30% afsláttur af öllum ferðum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Örninn Reiðhjólaverslun: 5% afsláttur af hjólum og 7% afsláttur af fylgihlutum. Gildir ekki með öðrum tilboðum

Elding: 15% afsláttur af Klassískri Hvalaskoðun frá Reykjavík og Akureyri

Fjórðjólævintýri ehf: 20% afsláttur af öllum ferðum.

Laugarvatn Fontana: Fullorðnir, 17 ára og eldri, 2.500 krónur. Unglingar, 13-16 ára, 1.500 krónur. Börn 0-12 ára (í fylgd forráðamanna) frítt með fullorðnum. Eldri borgarar (67+) og

Öryrkjar 1.500 krónur. Opnunartími og verðskrá getur breyst með stuttum fyrirvara.

Snóker- og Poolstofan: Íslandskortið er ígildi klúbbkorts (sömu kjör og klúbbmeðlimir). Sjá nánar á heimasíðu.

Arctic Rafting: 20% afsláttur af River Fun dagsferð í Hvítá.

Örninn Golfverslun: 5% afsláttur af golfsettum og 7% afsláttur af öllum öðrum vörum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Skemmtigarðurinn: Tveir fyrir einn í minigolf á sumrin. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

DJI Reykjavík: 5% afsláttur af drónum og 8% afsláttur af flestum fylgihlutum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Stóra-Ásgeirsá, Húsdýragarður og hestaleiga: 10% afsláttur af hestaleigu. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Dronefly: 10% afsláttur af öllum aukahlutum en ekki drónum.

PingPong.is: 10% afsláttur af Dart vörum.

Jaðarsport: 20% af afþreyingu og 10% af vörum.

Sea Trips Reykjavík: 20% afsláttur af Norður-ljósaferð og Hvalaskoðun.

Norðursigling Húsavík: 15% afsláttur af Húsavík Original Whale Watching með Norðursiglingu á Húsavík.



Íbúðin er í þessu húsi við C.F. Møllers Allé 34.

Vinsæl íbúð í Kaupmannahöfn

Mikil aðsókn hefur verið að íbúðinni sem Sjúkraliðafélag Íslands hefur leigt í Kaupmannahöfn, en þessi glæsilega íbúð er á fjórðu hæð í lyftuhúsnæði við C.F. Møllers Allé 34. Leiguverð er 13.000 krónur fyrir sólarhringinn og 1 orlofspunktur.

Íbúðin er á Amager, rétt hjá Íslandsbryggju, og í góðri tengingu við Kastrupflugvöll. Einnig er mjög auðvelt að taka sporvagninn niður í miðbæ Kaupmannahafnar. Verslunarmiðstöðin Fields er í göngufæri og Royal Copenhagen Golf Club er við hliðina.

Íbúðin er 84 fermetrar að stærð með stórum suður svölum. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni og í henni er uppþvottavél, þvottavél og þurrkari. Svefnpláss er fyrir 6-7 og eru allir húsmunir/áhöld miðuð við þann fjölda.

Golf án endurgjalds

Í sumar er sjúkraliðum boðið upp á að spila golf án endurgjalds á þremur stöðum á landinu. Þetta gildir fyrir tvo gesti í hverju sumarhúsi.

Þetta eru golfvöllurinn Glanni fyrir Munaðarnes, golfvöllurinn Mostri fyrir íbúðir í Stykkishólmi og golfvöllurinn á Kiðjabergi fyrir Kiðjabergshús Sjúkraliðafélagsins.



Sjúkraliðar með Veiðikortið geta veitt í vötnum um allt land.

Veiðikortið 2022 36 vötn

Sjúkraliðar fá Veiðikortið 2022 á 5.000 krónur, en almennt búðarverð er kr. 8.900 krónur. Korthafar geta veitt nánast ótakmarkað á 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið auk þess sem börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgt korthafa.

Þau veiðisvæði sem um er að ræða eru þessi:

Suðvesturland: Elliðavatn, Frosta-staðavatn, Gíslholtsvatn í Holtum, Kleifarvatn á Reykjanesi, Meðalfells-vatn í Kjós, Úlfjótssvatn Vesturbakk-inn, Vífilsstaðavatn í Garðabæ, Þing-vallavatn Þjóðgarðurinn.

Vesturland: Baulárvallvatn á Snæfellsnesi, Berufjarðarvatn í Reykhólahreppi, Haukadalsvatn í Haukadal, Hlíðarvatn í Hnappadal, Hreðavatn, Hólmavatn í Dölum, Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi, Hraunsfjörður á Snæfellsnesi, Langavatn í Borgarbyggð, Laxárvatn, Sauðlauksdals-vatn við Patreksfjörð, Syðridalsvatn við Bolungarvík, Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði.

Norðurland: Arnarvatn á Melrakkaslétu, Hraunhafnarvatn á Melrakkaslétu, Ljósavatn í Suður Þingeyjarsýslu, Sléttuhlíðarvatn í landi Hrauns, Svínarvatn í Húnavatnssýslu, Vestmannsvatn, Æðarvatn á Melrakkaslétu, Ölvesvatn Skagaheiði.

Austurland: Haugatjarnir í Skriðdal, Kleifarvatn í Breiðdal, Mjóavatn í Breiðdal, Skriðuvatn í Skriðdal, Sænautavatn á Jökuldalsheiði, Urriðavatn við Egilsstaði, Þveit við Hornafjörð.

Með kortinu fylgi r veglegur bæklingur þar sem koma fram ítarlegar upplýsingar og reglur um vatnasvæðin sem eru í boði. Einnig eru ítarlegar upplýsingar á vefnum okkar bæði á íslensku og ensku. Slóðin á heimasíðu Veiðikortsins er www.veidikortid.is

Ferðaávísun sem gildir á yfir 50 hótélum

Sú breyting verður þetta sumar að í stað hótelmiða Fosshótela og Edduhótela geta sjúkraliðar keypt rafræna ferðaávísun sem gildir á fjölmörgum 50 hótélum og gistiheimilum.

Meginatriði þessa nýja kerfis eru þessi:

- Félagsmönnum SLFÍ búðst að kaupa rafræna ferðaávísun.
- Félagsmaður ræður fyrir hversu háa upphæð hann kaupir en ferðaávísunin mun gilda á yfir 50 íslenskum hótélum og gistiheimilum víðsvegar um landið.
- Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu og þarf þá að taka fram að hún sé greidd með ferðaávísun stéttarfélaganna.
- Þegar félagsmaður mætir á hótelið gefur hann upp kennitöluna sína og starfsmaður hótels skráir nýtingu.
- Félagsmann geta skoðað þau tilboð sem hótél og gistiheimili gera þeim hverju sinni á orlofsvef SLFÍ undir FERÐAÁVÍSUN.
- Hægt er að nota ferðaávísunina til þess að greiða fyrir alla þjónustu á hóteli.



Meðal þeirra hótela sem taka við ferðaávísunum stéttarfélaganna eru Fosshótél sem rekin eru af Íslandshótélum.

Verð og punktar

Sjúkraliðafélag Íslands niðurgreiðir ferðaávísanir um 30% eða að hámarki 20.000 krónur á almanaksári.

Þannig er niðurgreiðsla af 60.000 króna ferðaávísun 18.000 krónur, en hægt er að kaupa ferðaávísanir fyrir hærri upphæðir. Eins er hægt að kaupa ferðaávísanir fyrir lægri fjárhæðir og í mörgum atrennum og reiknast þá 30% niðurgreiðsla á hver kaup þar til 20.000 króna hámarki er náð.

Punktafrádráttur: 4 orlofspunktar eru teknir af miðað við hámarks nýtingu ferðaávísunar. Punktafrádráttur er í hlutfalli við kaup hverju sinni þar til hámarki er náð.



Afsláttarmiðar Icelandair

Sjúkraliðafélag Íslands býður upp á afsláttarmið með flugfélaginu Icelandair og Air Iceland Connect innanlands og til fjölmargra áfangastaða austan hafs og vestan.

Hvað er í boði?

Afsláttarmiðarnir eru í formi gjafabréfa sem hægt er að nota til að greiða upp í far-seðil. Meginatriði samkomulagsins eru þessi:

- Hver afsláttarmiði eða gjafabréf kostar 22.500 kr. en gildir sem 30.000 króna greiðsla fyrir farseðli til einhverra af áfangastöðum flugfélaganna og tvo orlofspunkta.
- Einnig verða í boði gjafabréf að andvirði 25.000 króna en félagsmaðurinn greiðir kr. 16.000 fyrir bréfið og tvo orlofspunkta. Hægt er að kaup tvö slík bréf á hverju ári, meðan birgðir endast.
- Hægt er að kaupa tvö gjafabréf á hverju ári.
- Icelandair gjafabréf gilda nú í öll áætlunarflug Icelandair, bæði innanlands og utan.
- Gjafabréfin eru handhafa og margnota, þ.e. ef bréf er ekki klárað í einni bókun er



hægt að nota það næst þegar bókað er, fyrir hvern sem er.

- Gjafabréfin gilda upp í skatta og gjöld.
- Hægt er að nota fleiri en eitt gjafabréf fyrir hvern farþega.
- Gjafabréf gildir í 5 ár frá útgáfudegi.
- Gjafabréf fást ekki endurgreidd og hafa ekkert peningagildi.
- Gjafabréfin gilda einnig upp í breytinga-gjöld, fargjaldamun, kaup á betri sætum og farangri.
- Gjafabréfi þarf að ráðstafa áður en það rennur út, ekki endilega fljúga fyrir þann tíma. (ef gjafabréf rennur út 20.nóvember 2021 er hægt að bóka flug fyrir t.d. maí 2022 ef gert fyrir 20.nóvember 2021).
- Þann 16.mars 2021 sameinuðust A.I.C. og Icelandair undir merkjum Icelandair.

Sjá skilmála gjafabréf hér :

<https://www.icelandair.com/is/adstod/skilmalar-og-skilyrði/skilmalar-gjafabrefa/>

Áfram eru þessi bréf pöntuð með því að senda tölvupóst á fyrirtaeki@icelandair.is

Fyrirtækjaþjónusta Icelandair er opin virka daga frá kl 8-16 og er með síma 50 50 757

Hægt er að fletta upp stöðu einstakra gjafabréfa/lykla á eftirfarandi slóð :

<https://bit.ly/35lsBYC>

Vestan hafs og austan

Icelandair flýgur til margra áfangastaða vestan hafs og austan. Í Evrópu eru eftirfarandi: Amsterdam, Bergen, Berlín, Billund, Brussel, Dublin, Düsseldorf, Frankfurt, Genf, Glasgow, Hamborg, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Madrid, Manchester, Milánó, München, Osló, París, Stokkhólmur, Tenerife, Zurich.

Í Bandaríkjunum og Kanada eru þessir: Boston, Chicago, Denver, Minneapolis, Montreal, New York, Orlando, Portland, Seattle, Toronto, Vancouver og Washington DC.

Göngur og gisting með Ferðaávisun

Ferðaávisun veitir nú líka aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjala í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.



Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs heitar í senn byrjunum og þeim sem vilja fara í styttri lágendigöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstandur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.



Fimmvörðuháls

24.-26. júní
Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktunum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dögum á laugardegi koma göngumenn niður í bása þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.



Hornstrandir

7.-10. júlí
Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni ferð og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hlað mikla Hornbjarg og blómskrúðin í Hornvík. Stórbrotin ferð blásir alls staðar við. Ekki spílir hin litríka og sérstæða mannlífssaga Fríðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.



Laugavegur

13.-17. júlí
Vinsæla gönguleið landsins lætur engan ósnortinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúðar ár, litkrúðug líparfossar, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi gönguþrúpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjórn er innifalinn.

Verð: 98.000 kr.



Sveinstindur - Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálandinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er á Sveinstind áður en gist er í Sveinstindsskála. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjóli þar sem gist er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 60.000 kr.



Haustrferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á heilgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar þrjár ferðir skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófærufoss skoðaður, Svörtahjúksfjallur í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútskálum, þaðan er gengið í Strútskálum þar sem gist er í tveir nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mællifellssand í Hvannngili þar sem rúta tekur upp höpin. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.


Verð: 33.900 kr.



Strútsstígur

Gangan hefst í Hólaskjóli en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálann við Álftavötn þar sem gist er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahjúksfjallur í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútskálum, þaðan er gengið í Strútskálum þar sem gist er í tveir nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mællifellssand í Hvannngili þar sem rúta tekur upp höpin. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 58.000 kr.



Jóga, núvintund og göngur í Þórsörk

17.-19. júlí
Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsörk. Gist verður tveir nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein ferusta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægífrögu útsýni yfir Þórsörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður morgunþögn, nidra-þjópökun auk þess sem hópurinn verður endurnærður með göng-tónhelni í ósnortinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.



Gisting um land allt

Með ferðaávisun nýtur þú sérstakra tilboðskjala á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.



Hótel Geysir

Suðurland

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá: 33.000 kr.



Íslandshotel

Víða um land

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð: 14.400 kr.



Kea hotels

Norðurland og víðar

Eins manns herbergi með morgunverði.

Verð frá: 13.900 kr.



Gistiheimilið Hvoli

Suðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.563 kr.



Arctic Hotels

Norðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 10.000 kr.



Center Hotels

Höfuðborgarsvæðið

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 19.900 kr.



Einarshúsið

Vestfirðir

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.000 kr.

Hvar fæst ferðaávisun?

Ferðaávisun fæst keypt undir FERÐAÁVISUN á Orlofsvefnum. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.



Haustferðin er til Rondu og hvítu þorpanna í Andalúsíu.

Göngu- og skemmtiferðir á vegum SLFÍ Andalúsíu ferðir 2022

Tvær göngu- og skemmtiferðir verða farnar á vegum SLFÍ til Andalúsíu á Spáni. Fyrri ferðin verður 21. til 30.maí til Granada. Seinni ferðin er 22. til 29.september. Nánar auglýst síðar. Hámarksfjöldi í hvora ferð er 16 manns. Vorferðin er á 250.000 kr. fyrir félagsmenn SLFÍ. Haustferðin á 210.000 krónur.

Ferðirnar eru skipulagðar af ferðaskrifstofunni Salamöndru á Spáni í samvinnu við Úlfheiði Kaðlín Ingvarsdóttir sjúkraliða og leiðsögumann.

Reyndir leiðsögumenn frá ferðaskrifstofunni halda dyggilega utan um hópinn. Gist verður á fjögurra stjörnu hótélum. Flogið verður í beinu flugi til Malaga í báðum ferðunum með Heimsferðum

Granada. 21.-30.maí.

Að þessu sinni er ferðinni heitið til Granada. Óhætt er að fullyrða að Granada býr yfir einstæðum töfrum auk stórmerkra fornminja. Granada er sú borg Spánar sem arabísk áhrif eru einna mest. Þegar ekið er í átt til borgarinnar blasir víðáttan við en fjærst gnæfa Snæfjöll, Sierra Nevada. Miðborg Granada einkennist af þröngum götum. Það markverðast í Granada er þó málavirkið fræga Alhambra, en það er eina arabíska konungshöllin frá miðöldum sem enn stendur uppi. Þessi ferð býður upp á menningu, lítill fjallaþorp, fjóra göngudaga, ótrúlega náttúrufegurð. Slökun í ferðalok við ströndina í Almunecar í þrjá daga.

Dagur 1. 21.maí

Flogið með Neos á vegum Heimsferða

til Malaga á Spáni kl: 09:00 frá Keflavík. Lending í Malaga 15:40 að staðartíma. Akstur frá flugvælinum í Malaga til Granada eru 135 km. Gist á Hótel Catalonia

Dagur 2. 22.maí

Morgunverður á hótélínu. Skoðunarferð í Alhambra höllina. Hádegisverður Skoðunarferð um Albacin, gamla arabíska hverfið sem er á hæðunum á móti Alhambra, einkenni þess eru steinilagðar þröngar götur og hvítkölluð hús.

Dagur 3. 23.maí

Morgunverður á hótélínu Göngudagur. Los Cahorros de Monachil, Granada. ca 4 tíma ganga. Monachil er lítill fjallabær 8 km frá Granada. Hádegisverður. Kvöldverður og flamenco sýning í Sacromonto helli.

Dagur 4. 24.maí

Morgunverður á hótélínu. Göngudagur. Ekið til Lanjaron, sem er lítill bær 45 km frá

Granada í Alpujarran náttúruþjóðgarðinum. Gengið um fjallastíga í Langajaron í ca 4 tíma. Hádegisverður. Gist á Hótel Lanjaron.

Dagur 5. 25.maí

Morgunverður á hótélínu. Göngudagur. Ekið til fjallaþorpsins Pampaneira sem er í rúmlega 1000 metra hæð. Gengið um fjallastíga Pampaneira ca 4 tíma. Hádegisverður á veitingastað í Pampaneira. Ekið til baka á hótelið í Lanjaron.

Dagur 6. 26.maí

Morgunverður á hótélínu. Lagt af stað til Almunecar, sem er lítill bær við ströndina lmeð huggulegum litlum veitingastöðum og verslunum, dásamleg strönd. Gönguferð meðfram ströndinni á Almunecar. Hádegisverður. Innritun á hotel í Almunecar. Hádegisverður. Frjáls tími.

Dagur 7. 27.maí

Morgunverður á hótélínu. Engin dagskrá, slökun við ströndina í Almunecar.

Dagur 8. 28.maí

Morgunverður á hótélínu. Engin dagskrá.

Innifalið í verði

Flug til og frá Malaga. Gisting á fjögurra stjörnu hótélum. Morgunmatur. Nesti í gönguferðum, vatn og ávextir. Þriggja rétta hádegisverður á göngudögum. Enskumælandi leiðsögumenn. Trúss milli staða.

Dagur 9. 29.maí

Morgunverður á hótelinu.
Frjáls tími.

Dagur 10. 30.maí

Morgunmatur á hótelinu.
Akstur á flugvöllinn í Malaga undir hádegis.
Flogið 16:40 með Neos í beinu flugi til Íslands.
Komutími í Keflavík 19:30.

Innifalið í verði.

Flug til og frá Malaga. 20 kg taska og 8 kg í handfarangri.
Ferðir til og frá flugvelli.
Gisting í tveggja manna herbergjum á fjögurra stjörnu hótelum.
Morgunmatur.
Aðgangseyrir að Alhambra höllinni með leiðsögn.
Kvöldverður og flamenco skemmtun í Sacromonte hellin á þriðja degi.
Nesti í gönguferðum, vatn og ávextir
Þriggja rétta hádegisverður á göngudögum. Enskumælandi leiðsögumenn. Trúss milli staða.

Ronda og hvítu þorpin 22.-29. september

Að þessu sinni er ferðinni heitið til Ronda, sem er upp í fjöllum fyrir ofan Malaga. Bærinn er þekktur fyrir tilkomumikið bæjarstæði, kirkjur, arabísk böð. Bærinn stendur á stórum klettum sem skornir eru í tvennt af miklu gili Guadelvínarinnar, EL Tajo, sem skiptir bænum í Márahlutann Ciudad og kristna hlutann Mercadillo, en hann var byggður eftir að kristnir menn tóku borgina árið 1485.

Flogið í beinu flugi með Neos til Malaga að morgni 22.september.

Gist verður þrjár nætur í Ronda, tvær nætur í fjallahorpinu Benarrabá og tvær nætur í strandbænum Estepona.

Dagur 1. 22.sept

Flogið til Malaga 9:00. Ekið til Ronda.
Innritun á hótél í Ronda.

Dagur 2. 23.sept

Morgunmatur.
Ekið til Benjojan, þar sem gangan byrjar. 13 km ganga um dal Guadiro árinna milli hvítu þorpana Benaolan og Jimera de Libar. Þriggja rétta máltíð í göngu lok.
Ekið til Ronda.

Dagur 3. 24.sept

Morgunmatur.
Gengið niður í gjánna El Tajo, gengið í kringum gömlu múrana og yfir í Guadealvín dalinn. 12.5 km. Endum gönguna í Ronda. Þriggja rétta máltíð í lok göngu.
Gist í Ronda

Dagur 4. 25.sept

Morgunmatur.
Gengið milli þorpana Alcatocín-Benarrabá og Genalguacil, 15 km.
Þriggja rétta máltíð í lok göngu.
Gist í Benarraba

Dagur 5. 26.sept

Morgunmatur.
Mirador de Chorrueolo- Lians del Ray. 9 km ganga í fjallendi í nágrenni Benarrba. Þriggja rétta máltíð í lok göngu.
Gist í Benarraba.

Dagur 6. 27.sept

Morgunmatur.
Gengið frá Casares til Estepona ca 14 km
Máltíð í lok göngu.
Gist á hóteli í Estepona.

Dagur 7. 28.sept

Morgunverður og frjáls dagur í Estepona.

Dagur 8. 29.sept

Morgunmatur, flogið frá Malaga kl. 16.40 með beinu flugi til Íslands.

Ferðaskipuleggjandi og fararstjóri:

Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir sjúkraliði og leiðsögumaður, sími 6944920, netfang: kadlinheida@gmail.com.

Skráningar í innanlandsgönguferðina og seinni Spánarferðina hefst þann 6. apríl kl. 13.00 á skrifstofu félagsins.

Innanlandsferð SLFÍ sumarið 2022

Gönguferð: Borgarfjörður eystri, Stóruð- Brúnavík- Breiðavík- Dimmidalur

Að þessu sinni er ferðinni heitið á Borgarfjörð eystri. Gist í Álfheimum í fjórar nætur í tveggja til fjögurra manna herbergjum með sér baðherbergi. Ferðin er dagana 11. til 15. ágúst og hámarksfjöldi er 16 manns. Verðið er 65.000 kr. á félagsmann með öllu og þ.m.t. flugi, en 50.000 kr. á þá sem koma sér sjálfir á staðinn.

Dagur 1.

Morgunflug til Egilsstaða. Ekið í Borgarfjörð. Bæjarrölt 2 tímar og síðan gengið í Dimmidalur 10 km, hækkun 100 m. Kvöldverður og gisting í Álfheimum.

Dagur 2.

Morgunverður. Gengið í Brúnavík 14 km, hækkun 700m. Kvöldverður og gisting í Álfheimum.

Dagur 3.

Morgunverður. Gengið í Stóruð 16 km, hækkun 600 m. Kvöldverður og gisting í Álfheimum.

Dagur 4.

Morgunverður. Gengið í Breiðuvík 16 km, eða Stapavík 12 km. Kvöldverður og gisting í Álfheimum.

Dagur 5.

Morgunmatur. Ekið til Egilsstaða. Vök Bath (ekki innifalið í verði). Flug frá Egilstöðum.

Innifalið í ferðinni.

Flug til og frá Egilstöðum. Akstur frá flugvelli. Leiðsögn, staðkunnir leiðsögumenn í 4 göngur. Fullt fæði frá hádegis á fyrsta degi að morgunverði á degi 5 ásamt nesti í gönguferðirnar.

Það sem þarf að hafa meðferðis.

Hitabrusi, drykkjarílát, vatnsbrúsi. Hreinlætisvörur, s.s. tannbursti og sápa. Handklæði, sundföt, regnjakki, buxur, húfa, vettlingar og dagsbakpoki.

Klæðnaður

Góðir gönguskór, göngubuxur, ullarnærföt, göngusokkar og aukasokkar. Bolir, peysa, húfa, vettlingar og hlý úlpa. Gallabuxur og annar bómullarfatnaður er ekki æskilegur á fjöllum. Ef hann blotnar er hann lengi blautur og verður mjög kaldur.

Ferðaskipuleggjandi og fararstjóri.

Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir Sjúkraliði og leiðsögumaður kadlinheida@gmail.com Sími. 6944920

Gildandi reglur um orlofsrétt þinn

Það er meginregla að allt launafólk eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof. Hafi launafólk skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs. Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Um orlof sjúkraliða gilda nánar tiltekið eftirfarandi reglur:

Meginreglur um töku orlofs

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
- Orlofstími sjúkraliða er frá 1. maí til 15. september, hjá ríki og SFV, en er frá 15. maí til 30. september hjá sveit og borg.
- Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skal veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns, verði því við komið.
- Starfsmaður á rétt á að fá allt orlof sitt á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar. Þeir starfsmenn sem **samkvæmt skriflegri ósk** vinnuveitenda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.
- Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill. Hafi starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dögum, ekki nýtt þá daga fyrir 30. apríl 2023, falla þeir dagar niður sem eftir standa.
- Vinnuveitandi getur ekki látið orlof falla inn í uppsagnarfrestinn nema um það sé fullt samkomulag við starfsmann.

Orlof talið í klukkustundum

- Orlof skal vera 30 dagar (240 stundir) miðað við fullt starf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfshlutfall og starfstíma starfsmanns.
- Orlofsfé og orlofsuppbót
- Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé



Sjúkraliðafélag Íslands gefur félagsmönnum sínum kost á að dvelja á fallegum stöðum víðs vegar um landið.

á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. kjarasamningi.

Talning orlofsdaga

- Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt

Ef launamaður getur af einhverjum óviðráðanlegum orsökum ekki tekið orlof á orlofstíma, á hann rétt á að geyma það til töku á næsta orlofsári.

mánaðarstarf og hlutfallslega skemmra leyfi fyrir hluta úr mánuði eða hluta starf.

- Við talningu orlofsdaga dagvinnumanns skal aðeins telja rúmhelga daga vikunnar.
- Orlof ávinnst ekki í launalausum leyfi.
- Orlof starfsmanns í hlutastarfi skal reikna til launa sem hlutfall af fullu orlofi. Orlofsdögum fækkar ekki.
- Launþegi á rétt á að minnsta kosti 160 klukkustunda samfelldu orlofi eða 20 daga orlofi á sumarorlofstímanum, og allt að fullu orlofi verði því viðkomið. Samkvæmt kjarasamningi félagsins við Launaneftnd sveitarfélaganna á starfsmaður rétt á a.m.k. 192 klukkustundum á sumarorlofstímanum.

Frestun orlofs

- Ef starfsmaður tekur ekki orlof eða hluta af orlofi, að skriflegri beiðni yfirmanns, getur orlofið geymt til næsta orlofsárs, enda hafi starfsmaður ekki lokið orlofstöku á orlofsárinu. Sama gildir um starfsmann í fæðingar- og foreldraorlofi. Í slíkum tilvikum getur uppsafnað orlof þó aldrei orðið meira en 60 dagar.
- Upplýsingar um stöðu þegar áunnins og ótekens orlofs skulu vera starfsmönnum aðgengilegar í tímaskráningarkerfi stofnunar.
- Starfsmaður sem beiðinn er um að starfa í sumarleyfi sínu á að fá það greitt með yfirvinnukaupi, enda frestast ekki sá hluti orlofsins sem unninn er.

Orlof vaktavinnumanns

Orlof vaktavinnumanns er talið á sama máta og dagvinnumannsins.

Orlofslaun og orlofsfé

- Orlofslaun skal reikna af allri yfirvinnu og álagsgreiðslum og koma til útborgunar ásamt vöxtum eftir 1. maí og/eða 1. júní ár hvert, hjá þeim banka sem tekið hefur að sér vörslu og ávöxtun á orlofsfé starfsmanns. Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum.

Uppgjör orlofs við starfslok

Láti starfsmaður af störfum skal áunnið orlof gert upp og lagt inn á bankareikning. Gegn staðfestingu atvinnurekanda um starfslok getur starfsmaður fengið orlof sitt endurgreitt hjá þeim banka sem varðveitir og ávaxtar orlofsfé hans.

Veikindi í orlofi

Orlof og veikindi fara ekki saman. Veikist launþegi í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til atvinnurekanda eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála.

Lokun deilda á orlofstíma

Samkvæmt orlofslögum er heimilt að loka einstökum deildum og/eða stofnunum og veita öllum starfsmönnum vinnustaðarins orlof samtímis. Við slíkar aðstæður getur starfsmaður sem ekki hefur áunnið sér fullt orlof, ekki krafist launa þá daga sem hann vantar upp á að hafa áunnið sér fullt orlof.



Sumarið er rétti tíminn til að njóta íslenskrar náttúru.

Orlofsuppbætur

- Orlofsuppbót kemur til útborgunar 1. júní ár hvert. Umsamið orlofsfé á komandi orlofstímabili 2022 er, 53.000 kr. hjá ríki, borg og SFV, en 51.600 kr. hjá sveit til þeirra starfsmanna sem voru í starfi 1. apríl næst á undan, fyrir fullt starfs næstliðið orlofsár. Fyrir þá sem voru aðeins í hlutastarfi eða hluta úr ári skal greitt hlutfall af umsaminni greiðslu.
- Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót í hlutfalli við þann tíma sem hann starfaði og starfshlutfall sitt. Sama gildir um sjúkraliða sem látið hefur af störfum af öðrum ástæðum, enda hafi hann unnið að minnsta kosti þrjá mánuði/13 vikur samfelld á orlofsárinu. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur, eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Launafólk á rétt á að minnsta kosti 160 klukkustunda samfelldu orlofi eða 20 daga orlofi á sumarorlofstímanum, og allt að fullu orlofi verði því viðkomandi.

Tryggingar í orlofi

Starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna er tryggður allan sólarhringinn vegna varanlegrar örorku eða dauða sem hlýst af völdum slyss, í samræmi við ákvæði 7. kafla í kjarasamningum.

Frestun og fyrning orlofs

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna er heimilt með samþykki yfirmanns að fresta töku orlofs til næsta orlofstökuárs. Ljúka þarf töku orlofs fyrra orlofsársins fyrir lok síðara orlofstökuársins, annars telst það fyrnt.

Ávinnsla orlofs í fæðingarorlofi

Á meðan starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sá tími sem starfstími og vinnur starfsmaður sér á meðan rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningi, starfsaldurshækkana, veikindarétt, uppsagnarfrest og geymdan rétt til atvinnuleysisbóta, auk persónu- og orlofsuppbótar.

Veikindi við töku frís

Um veikindi við töku frís gilda sömu reglur og um veikindi í orlofi, það er að tilkynna skal veikindin eins fljótt og auðið er og staðfesta þau síðan með læknisvottorði, samanber grein 4.6.1 í kjarasamningi. Að öðrum kosti verða þau ekki tekin gild.

Reglur SLFÍ 2022

Meðferð umsókna félagsmanna Sjúkraliðafélagsins um dvöl í orlofshúsum og íbúðum, eða kaupum á ferðaávisunum verður með hefðbundnum hætti sumarið 2021.

Um úthlutun á húsum félagsins gilda eftirfarandi reglur:

- Aðeins er úthlutað einni viku til umsækjanda hverju sinni.
- Úthlutun utan mesta álagstíma í maí og september, skerða rétt sjúkraliða til orlofsdvalar í húsum félagsins minna en í júní, júlí og ágúst.
- Félagsmenn í stéttarfélagi sjúkraliða, sem greitt er fyrir í orlofssjóð ganga fyrir úthlutun orlofshúsanna, en atvinnurekandi greiðir 0.5% - 0,65% í orlofssjóð félagsins af launum sjúkraliða.
- Skuldlausir félagsmenn eiga kost á að sækja um úthlutað orlofshús.
- Leigutaki er ábyrgur fyrir húsi og húsbúnaði, sem hann hefur fengið úthlutað.
- Leigutaki er beðinn um að láta skrifstofu félagsins vita ef eitthvað hefur farið úrskeiðis í húsunum eða vantar á búnað þess. Lyklum ber að skila strax að leigu lokinni.
- Sumardvalarstaðir félagsins eru leigðir yfir sumartímann frá föstudegi til föstudags og ber leigjanda að rýma húsnæðið í síðasta lagi kl. 12:00 á skiladegi, eftir kl. 15.00 getur nýr leigjandi gert ráð fyrir að komast að.
- Bannað er að hafa hunda eða önnur gæludýr með sér í orlofshúsin. Heimild er fyrir gæludýr á í Sigurhæð og Holtalandi 7.

Ferðaávisanir

Sjúkraliðafélag Íslands niðurgreiðir ferðaávisanir um 30% eða að hámarki 20.000 krónur á almanaksári. Þannig er niðurgreiðsla af 60.000 króna ferðaávisun 18.000 krónur, en hægt er að kaupa ferðaávisanir fyrir hærri upphæðir. Eins er hægt að kaupa ferðaávisanir fyrir lægri fjárhæðir og í mörgum atrennum og reiknast þá 30% niðurgreiðsla á hver kaup þar til 18.000 króna hámarki er náð.

Punktafrádráttur: 4 orlofspunktar eru teknir af miðað við hámarks nýtingu ferðaávisunar. Punktafrádráttur er í hlutfalli við kaup hverju sinni þar til hámarki er náð.



Orlofsheimila- og ferðanefnd Sjúkraliðafélags Íslands, frá vinstri Ólöf Adda Sveinsdóttir og Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir. Á myndina vantar Halldóru Lýdíu Þórðardóttur og Ólafíu Sigrúnu Einarsdóttur varamann.

Þannig færðu nýja punkta

Úthlutun á orlofshúsum og íbúðum Sjúkraliðafélagsins er byggð á orlofspunktastöðu hvers og eins og fer fram í tölvu.

Sjúkraliðar ávinna sér orlofspunkta sem hér segir:

- Með aðild að stéttarfélagi sjúkraliða ávinnast tólf punktar á hverju ári í starfi óháð starfshlutfalli.

Þannig nýttast punktarnir

Leiga á húsi eða íbúð kostar mismunandi marga orlofspunkta eftir tímabilum:

- Vor- og haustleiga kosta 12 punkta.

- Fyrri og síðari hluti sumars kostar 24 punkta.
- Leiga um hásumar kostar 36 punkta.
- Leiga um jól og páska er á sérstakri skrá og kostar 24 punkta.
- Gönguferðir innanlands kosta 6 punkta.
- Íbúðin í Kaupmannahöfn kostar 1 punkt fyrir hverja nótt.
- Íbúðir og raðhús á Spáni og íbúð á Flórída kosta 12 punkta.
- Afsláttarmiðar Icelandair kosta enga orlofspunkta.
- Ekki eru notaðir refsipunktar þó hætt sé við leigu með skömmum fyrirvara.

Orlofsheimilasjóður

Orlofsheimila- og ferðanefnd Sjúkraliðafélags Íslands sér um að leigja, byggja og reka orlofshús fyrir félagsmenn. Sjóðurinn er eign félagsins og fer stjórn félagsins með fjárreiður. Um sjóðinn gilda sérstakar reglur sem aðeins má breyta á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins, og skulu gilda sömu reglur um breytingu þeirra og um breytingu á lögum félagsins.

Orlofsheimila- og ferðanefndin er kosin á fulltrúaþingi SLFÍ til tveggja ára og skal vera tengiliður aðila sem tengjast sjóðnum, svo sem við stjórn félagsins,

félagsmenn og aðra aðila sem hafa hagsmuna að gæta.

Í nefndinni eru þrír aðalmenn og einn til vara. Núverandi nefndarmenn eru: Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, formaður, Halldóra Lýdíu Þórðardóttir og Ólöf Alda Sveinsdóttir og varamaður er Ólafía Sigrún Einarsdóttir.

Úthlutun orlofshúsa og leigugjald fer eftir reglum sem orlofsheimila- og ferðanefnd ákveður og nánar er sagt frá hér í blaðinu. Leigjendur húsa bera ábyrgð á þeim og öllum búnaði þeirra, eins og kveðið er á um í leigusamningi.

Íbúðir á Spáni

frá 1. maí til 16. september.



Spánardvöl með afslætti

Sjúkraliðafélag Íslands hefur samið við Spánarfrí.is, sem er leigumiðlun húseigenda á Spáni, um aðgang að húsum og íbúðum á Spáni á orlofstíma sumarsins (1. maí - 16. sept.). Orlofssjóður niðurgreiðir leigu sjúkraliða um 13.000 krónur fyrir vikudvöl, en að hámarki 26.000 krónur fyrir tveggja vikna dvöl. Vikan kostar einnig 12 orlofspunkta.

Sjúkraliðar geta kynnt sér á vefsíðu leigumiðlunarinnar - www.spanarfri.is - hvaða hús og íbúðir á Spáni eru lausar til umsóknar. Félagsmenn í Sjúkraliðafélaginu fá að auki sérstakan 6000 króna afslátt af vikuleigu húsa sem merkt eru með tveimur stjörnum á heimasíðunni.

Sjúkraliðar sem vilja leigja íbúðir á Spáni hafa sjálfir samband við Spánarfrí.is og ganga frá leigusamningi sem félagsmenn Sjúkraliðafélagsins. Að ferðinni lokinni fá sjúkraliðar endurgreidda niðurgreiðslu Orlofssjóðs gegn framvísun kvittunar.

Spánarfrí.is aðstoðar leigutaka eins vel og hægt er og veitir fagmannlega ráðgjöf á íslensku. „Við erum með fólk í öllum stöðum til þess að tryggja að allir sem leigja í gegnum leigumiðlunina njóti þess að vera á eigin vegum í fyrsta flokks gistingu,“ segir fyrirtækið sem getur meðal annars útvegað akstur til og frá flugvelli og bíla-leigubíla. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 861 3053 (Burkni). Netfang leigumiðlunarinnar er: spanarfri@spanarfri.is

Spánarfrí.is
Leigumiðlun



Íbúðin snýr að sameiginlegri sundlaug.

Íbúð á Spáni

Sjúkraliðum stendur til boða að leigja íbúð í Quesada/Rojales sem er um 50 kílómetra sunnan við Alicante frá 1. maí til 16. september.

Íbúðin er með 2 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stofu og fullbúið eldhús. Þvottavél er í geymslu úti. Íbúðin snýr í suður og er með sameiginlegri sundlaug.

Öll þjónusta er í göngufjarlægð frá íbúðinni, til dæmis matvöruverslanir, veitingahús, apótek og aðrar verslanir. Svokallaður „laugavegur“ er í 15 mínútna göngufjarlægð. Stutt er í marga góða golfvelli, meðal annars La Finca og La Marquesa. Skemmtilegur rennibrautagarður er stutt frá.

Leiga fyrir eina viku er 45.000 krónur og kostar 12 punkta. Hálfur mánuður kostar 90.000 krónur og kostar 24 punkta. Íbúðin er einn af orlofskostum félagsins þetta árið og er úthlutað á sömu forsendum og öðrum orlofskostum.



Séð inn í íbúðina.